

Samningur um styrk vegna lagningu skíðagöngubrauta á Austurheiðum og á Rauðavatni

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Icebike Adventures, kt. 670312-1000, Dælustöðvarvegi 9, 270 Mosfellsbæ gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu vegna lagningu skíðagöngubrauta á Austurheiðum og á Rauðavatni.

1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Markmið samnings þessa er að tryggja öflugt samstarf samningsaðila í því skyni að efla skíðagöngu og gera hana aðgengilegri fyrir almenning og til skíðaæfinga innan borgarmarkanna. Með þessu móti er verið að stuðla að aukinni lýðheilsu borgarbúa með aukinni hreyfingu og útiveru í anda lýðheilsustefnu borgarinnar og stefnu í íþróttamálum til ársins 2030.

2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur Icebike sig að annast lagningu og viðhald skíðagönguspora í samræmi við samkomulag þetta. Að jafnaði skal miðað við að leggja tvöfalt skíðagönguspor þegar því verður við komið. Almenningur skal hafa óhindraðan aðgang og heimild til að nýta skíðagönguspor á Hólmsheiði og Rauðavatni.

3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur fyrir árin 2026 – 2027 að fjárhæð kr. 9.200.000 vegna lagningu skíðagöngubrauta á Austurheiðum og á Rauðavatni. Styrkurinn greiðist sem hér segir:

a.	20. janúar 2026	2.300.000.-
b.	20. september 2026	2.300.000.-
c.	20. janúar 2027	2.300.000.-
d.	20. september 2027	2.300.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr 0528-26-3773. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir greiðslu styrks samkvæmt þessum samningi er að Icebike Adventures skili MÍR starfsskýrslu fyrir sitthvort starfsárið eigi síðar en 31. apríl ár hvert.

Icebike skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir þeirra bestu getu. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og viðhafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Icebike skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

5. gr. Samskipti

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Tengiliður fyrir hönd MÍR er skrifstofustjóri útílífsborgarinnar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd Icebike Adventures er **framkvæmdastjóri félagsins**. Icebike skal senda starfsskýrslu og önnur viðeigandi gögn til skrifstofu MÍR, netfang mir@reykjavik.is.

6. gr. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Icebike. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2026 til og með 31. desember 2027. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, 1. október 2025

F.h. Icebike

F.h. Reykjavíkurborgar
